



## Litlar breytingar á vinnumarkaði

### Veruleg fjölgun fólks á vinnumarkaði

Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands voru tæplega 201 þúsund manns starfandi á íslenskum vinnumarkaði í ágúst sem er eilítið minna en í ágúst í fyrra. Sé litið á 12 mánaða hlaupandi meðaltal fjölgaði starfandi fólki um u.þ.b. 5.600 milli ágúst 2016 og ágúst 2017, eða um 3%. Vegna árstíðasveiflunnar sem jafnan kemur fram í tölum Hagstofunnar ætti sú tala að gefa betri mynd af þróuninni á vinnumarkaðnum.

Vinnumarkaðskönnun Hagstofunnar í ágúst byggir á svörum frá rúmlega 1.000 einstaklingum, eða um 0,5% af fjölda fólks á vinnumarkaði, þannig að skekkjumörk niðurstaðna eru töluverð.

### Atvinnuþáttaka í hæstu hæðum

Atvinnuþáttaka er ennþá mjög mikil í sögulegu samhengi og var rúmlega 83% af heildarfjölda virks vinnuafns nú í ágúst, sem er þó lægra hlutfall en í maí og júní. Tólf mánaða meðaltal sýnir að þátttakan er eilítið á niðurleið og hefur verið á milli 83 og 84% síðustu mánuði. Hlutfall starfandi var 81% í ágúst og 12 mánaða meðaltal hlutfallsins var 81% í ágúst, sem er eilítið lægra en mánuðina á undan.


### Mjög mikil atvinnuþáttaka hér

Sé Ísland borið saman við önnur lönd sést að atvinnuþáttaka er mun meiri hér en víðast annars staðar og innan OECD er atvinnuþáttakan hæst hér á landi. Sé hlutfall vinnandi fólks af fólki á vinnualdri (15-64 ára) skoðað var hlutfallið hér á landi 89% á árinu 2016, sem er mun herra en í þeim löndum sem við erum von að bera okkur saman við.

### Atvinnuleysi að nálgast sögulegt lágmark


Samkvæmt mælingum Hagstofunnar var atvinnuleysi 2,5% í ágúst sem er stórt stökk frá 1% mælingunni í júlí. Árstíðasveifla í tölum Hagstofunnar er jafnan mikil og vikmörk 1% atvinnuleysis eru 1,2 stig í báðar áttir. Meðalatvinnuleysi síðustu 12 mánaða var 2,8% í ágúst sem er óbreytt frá fyrri mánuði og lægsta tala

Fjöldi starfandi - 12 mánaða hlaupandi meðaltal




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Atvinnuþáttaka



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Atvinnuþáttaka í nokkrum ríkjum OECD



Heimild: OECD





frá því í nóvember 2008. Skráð atvinnuleysi samkvæmt tölum Vinnumálastofnunar var 1,9% í júlí og 2,2% að meðaltali síðustu 12 mánuði. Tölur Vinnumálastofnunar sýna fjölda þeirra sem eiga rétt á atvinnuleysisbótum en tölur Hagstofunnar byggja á mati þátttakenda á eigin stöðu í Vinnumarkaðskönnunum. Síðustu ár hefur atvinnuleysi minnkað jafnt og þétt, en verulega hefur hægt á þeirri þróun, enda atvinnuleysisstigið orðið afar lágt.

### Fjölgun starfa skiptir mestu

Vinnutími hefur styst nokkuð síðustu mánuði, samkvæmt tölum Hagstofunnar og fjöldi starfandi verið stöðugur. Það þýðir að fjöldi vinnustunda hefur dregist nokkuð saman. Sé litið á 12 mánaða meðaltöl hefur starfandi fólki fjölgað um 3% og meðalvinnutími lengst um 0,4 stundir. Heildarvinnustundum hefur því fjölgað um 1% á einu ári frá ágúst 2016 til ágúst 2017.

### Mjög kröftugur vinnumarkaður

Stór hluti fyrirtækja hefur fram að þessu talið sig búa við skort á starfsfólki og hefur staðan hvað það varðar ekki breyst mikið. Þrátt fyrir litlar breytingar á milli júlí og ágúst er ljóst að vinnumarkaðurinn er mjög kröftugur um þessar mundir. Eins og kom fram í nýlegri Hagsjá er mikilli eftirspurn eftir vinnuafli að mestu leyti mætt með erlendu starfsfólki.



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraeideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.